

Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2010

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 17 fundir á árinu 2009. Fjöldi umsókna og afgreiðsla þeirra var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	67
Viðbætur/breytingar	19
Fyrirspurnir	49
Samtals	135

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2006	2007	2008	2009	2010
65	69	93	74	67

Nýjar umsóknir voru 67 en árið áður voru þær 74. Af nýjum umsóknum voru nemaverkefni 26 og 11 meistara og doktorsverkefni. Heildarfjöldi námsverkefna er sá sami og áður en verkefnum nema í grunnnámi hefur fækkað.

Skilafrestur á umsókn til siðanefndar Landspítala er vika fyrir fund. Umsækjendum er að öllu jafna svarað daginn eftir fund. Meðalafgreiðslutími nýrra umsókna var eftirfarandi:

Frá móttöku umsóknar:	31 dagar
Frá umfjöllun um umsókn:	19 dagar

Ný heimasíða nefndarinnar leit dagsins ljós á árinu. Þar er m.a.að finna endurskoðað umsóknareyðublað og gátlista fyrir umsækjendur.

Nefndarmönnum var boðið á ársfund Vísindasiðnefndar þann 4. febrúar 2010 þar sem umfjöllunarefnið var rannsóknir á börnum. Kristján Steinsson formaður gerði grein fyrir starfsemi siðanefndar árið 2009.

Á árinu hættu tveir varamenn þær Agnes Smáradóttir og Dagrún Hálfánardóttir. Ekki hafa verið skipaðir varamenn í stað þeirra. Nefndin þakkar þeim stöllum fyrir samstarfið.

Formaður og forstöðumaður voru boðuð á fund með nefnd sem vinnur að gerð frumvarps til laga um vísindarannsóknir í byrjun apríl. Siðanefnd hefur síðan tvívegis veitt umsögn um drögin.

Forstöðumaður hélt erindi í byrjun mars fyrir stefnuráð hjúkrunar um hjúkrunarrannsóknir á Landspítala. Forstöðumaður sat í vinnuhóp á árinu sem endurskoðaði reglur um vísindarannsóknir á Landspítala.

Nefndarmenn í árslok eru:

Kristján Steinsson yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Þórður Sigmundsson yfirlæknir, varamaður

Jón G Snædal yfirlæknir, tilnefndur af lækna ráði
- Sigrún Reykdal læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
-Eydís Sveinbjarnardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Oddur Gunnarsson lögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu
-Ástríður Stefánsdóttir dósent, varamaður.

Reykjavík, 4. febrúar 2011

Kristján Steinsson, formaður

Jónína Sigurðardóttir, forstöðumaður